

Skólalok

Nú styttist í skólalok þessa skólaárs. Síðasti kennsludagur nemenda á 2. ári og í 5. bekk er föstudagurinn 5. maí. Þann dag kveðja einnig stúdentsefnin kennara sína og annað starfsfólk skólans. Kveðjuathöfn verður í Bláa sal klukkan 10:00 og um kvöldið er galakvöldverður í Gullhömrum. Nemendur á 1. ári ljúka sínum síðasta kennsludegi þriðjudaginn 9. maí. Næstu vikur verða svo undirlagðar fyrir lokapróf nemenda. Þriðjudaginn 23. maí opnar á einkunnir nemenda í INNU og miðvikudaginn 24. maí milli 8:30 og 9:30 verður prófsýning



Brautskráning

Brautskráning stúdentna fer fram laugardaginn 27. maí klukkan 14:00 í Háskólabíó.

Skóladagatal

Skóladagatal næsta árs hefur verið birt á heimasíðu skólans. Foreldrar sem og nemendur er hvattir til að kynna sér það.

Peysufatadagur



Mánudaginn 8. maí er peysufatadagur 2. árs nema. Dagurinn hefst á dagskrá í skólanum en síðan fara nemendur í rútum að Hallgrímskirkju en þaðan ganga þau niður á Ingólfstorg þar sem dansað verður. Gert er ráð fyrir þeim hjá Hallgrímskirkju klukkan 11:30 og áætlað er að dansinn verði stiginn á Ingólfstorgi klukkan 11:50. Um kvöldið verður slegið upp balli fyrir árganginn á SPOT í Kópavogi.

Bókasafnið

Bókasafnið er með lengri opunar-tíma í prófatörnninni. Opíð er mánudaga - fimmtudaga frá 8:00 til 22:00. Föstudaga frá 8:00 til 19:00. Laugardaga frá 10:00 til 19:00 og á sunnudögum verður opíð frá 10:00 til 22:00. Þessir opunar-tímar taka gildi 6.maí.



Vísindaráðstefna

Stúdentsefni á líffræðisviði stóðu fyrir vísindaráðstefnu í skólanum þar sem þeir kynntu niðurstöður á rannsóknum sínum. Áfanginn byggir á því að nemendur þjálfast í aðferðarfræði vísindalegra athugana. Viðfangsefnin eru mörg og fjölmenn en mörg þeirra tengjast heilsu og heilsufari. Niðurstöður rannsókna voru kynntar á veggspjöldum sem hengd voru upp í skólanum.



Námsframvinda

Mikilvægt er að nemendur kynni sér skólareglur skólans varðandi námsframvindu. Nemendur og forráðamenn hafa fengið tölvupóst þar sem farið er yfir helstu reglur.



Fyrirtækjasmíðjan



Nemendur á Viðskiptabraut voru þátttakendur í fyrirtækjasmíðju Ungra frumkvöðla nú á vorönn. Heildarfjöldi fyrirtækja sem tók þátt í ár voru 64 frá 11 framhaldsskólum. Úrslit keppinnar fóru fram miðvikudaginn 26. apríl. 15 fyrirtæki voru í úrslitum, þar af 6 frá Verzló.



Nemendur skólans fóru heim með 6 af þeim 7 verðlaunum sem í boði voru. Stærstu verðlaunin, fyrirtæki ársins, fengu fjórir strákar á hagfræðisviði en þeir stofnuðu fyrirtækið MEIRA sem hannaði sparnaðarapp fyrir ungt fólk.

Endurtektarpróf

Endurtektarpróf verða í skólanum 31. maí, 1. og 2. júní. Þeir nemendur sem hafa endurtökurétt þurfa að greiða 9.000 krónur fyrir hvert próf sem endurtekið er.